

Skólasetning 22. ágúst 2011

Nemendur, forráðamenn, starfsmenn skólans og aðrir góðir gestir. Ég vill fyrir hönd skólans okkar bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar skólasetningar í íþróttamiðstöðinni okkar í dag. Þótt sumarið sé að sjálfsögðu ekki á enda runnið er sumarfríi lokið og við búum okkur til verka í skólanum á því skólaári sem nú hefur göngu sína hérna í dag. Starfsmenn hafa síðustu viku unnið ötullega að því að undirbúa komu nemenda og koma þeir til með að hitta þá núna uppi í skóla eftir stutta stund. Fagna ég því að svona margir forráðamenn sjái sér fært í önnum hversdagsins að verja stundinni hérna með okkur og með því taka þátt í upphafi skólaársins með börnunum. Í upphafi þessa skólaárs munu 284 nemendur hefja nám hér við skólann og er það fjölgun um tvo frá upphafi síðasta skólaárs en þá voru hér 282 nemendur. Raunar hefur nemendum fjölgað um fimm frá því í vor. Hins vegar hefur reynslan sýnt að ekki þarf mikið til að nemendafjöldinn breytist og á okkur vonandi eftir að fjölga enn frekar er líður á. Ég bíð nýja nemendur sérstaklega velkomna til starfa og vona að þeir eigi eftir að eiga hérna góðar stundir sem og aðrir nemendur. Við kennslu og stjórnun starfa í vetur 32 kennarar í rétt um 29 stöðugildum, auk stjórnenda og við önnur störf starfa 18 manns í rétt um 13 stöðugildum. Er fjöldi stöðugilda nokkuð svipaður og var á síðasta skólaári. Nokkrir nýir starfsmenn koma til starfa við skólann, Gunnar

Hlíðdal Gunnarsson og Steinunn Þ. Bjarnadóttir eru nýráðnir kennarar, Ragnhildur Kristín Einarsdóttir og Óskar Birgisson koma aftur til starfa eftir mislangt hlé. Margrét Jóhannsdóttir kemur úr námsleyfi og Sigrún Ögn kom úr fæðingarorlofi um miðjan maí í vor. Allir umsjónarkennarar sem og sér- list - og verkgreinakennarar hafa full kennsluréttindi. Nýráðnir stuðningsfulltrúar eru Elvar Ólafsson og Kristín Gyða Smáradóttir. Verið er að ráða í hlutastarf við gæslu í mötuneyti o. fl. Byð ég starfsmenn alla velkomna til starfa og sérstaklega þá sem nú koma inn nýir og væntum við mikils af störfum þeirra. Jafnframt þakka ég þeim starfsmönnum sem látið hafa af störfum góð störf í þágu skólans og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Ekki verða gerðar miklar breytingar á skipulagi skólastarfsins frá því sem var síðasta vetur. Kennt verður eftir sömu tímatöflum og þá, enda gafst það vel eftir því sem hægt er að meta það. Skólaárinu er skipt í þrjár annir og verða foreldraviðtöl í lok anna. Hefur það þótt gefast vel og þarna er farið yfir árangur annarinnar og ný markmið sett. Annaskil eru sett inn á skóladagatalið sem aðgengilegt er á heimasíðu skólans eða á skrifstofu hans. Skólanum er skipt upp í tvær deildir, yngri og eldri deild. Dagleg stjórn yngri deildar er í höndum aðstoðarskólastjóra, Hilmars Más Arasonar og við stjórnvölinn í eldri deild er Sóley Björk Sigurþórsdóttir deildarstjóri. Eins og áður verður lögð áhersla á læsi og

lestur í skólanum og haldið áfram þátttöku í læsisverkefninu í samvinnu við Háskólann á Akureyri, jafnframt verða aðferðir læsis yfirfærðar á stærðfræðina, einnig með stuðningi Háskólans á Akureyri. Tengiliður við Háskólann í þessum verkefnum er Sóley Sigurpórsdóttir. Ennfremur verður áhersla á erlend tungumál sem og upplýsingatækni innan þess verkefnis sem nefnt hefur verið Borgarfjarðarbrúin, samstarf grunnskólanna og Menntaskóla Borgarfjarðar. Áfram verður unnið í anda uppbyggingarstefnunnar líkt og undanfarin ár og á sviði umhverfismála verður unnið þannig að skólinn geti með stolti sótt um og fengið Grænfánann í fjórða sinn að vori. Ennfremur mun hefjast vinna við innleiðingu verkefnisins „heilsueflandi grunnskólar“. Því verkefni verður stýrt af Önnu Dóru Ágústsdóttir, sem er í leyfi í vetur, en verkefnið er hluti af námi hennar við Háskólann í Reykjavík og nær til beggja grunnskólanna hérna í Borgarbyggð auk leikskólans Klettaborgar. Af þessu má sjá að í ýmis horn verður að líta en ég er þess fullviss að allir munu leggja sig fram 100% til þess að þróa skólann og skólastarfið í rétta átt. Í sumar kom út ný Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. Er þar um töluverðar áherslubreytingar að ræða frá fyrri námskrá og hafa grunnskólar þrjú ár til að aðlaga starfsemi sína að því sem þar kemur fram. Endurskoðun skólanámskrár í vetur mun að sjálfsögðu taka mið af því sem þar er sett fram. Líkt og áður verður lögð á það áhersla að fylgjast með líðan nemenda

m.a. með reglubundnum könnunum s.s. eineltiskönnun og úrtakskönnun Skólapúlsins. Einelti verður ekki liðið og gerum við það sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það. Rafrænt einelti er eitthvað sem við þurfum að vera á verði gegn, tengist það gjarnan facebook notkun. Áríðandi er að að forráðamenn fylgist með því að netnotkun sé við hæfi. Við teljum að við höfum náð árangri í eineltismálum að undanfögnu og munum leggja okkur fram um að viðhalda þeim árangri og bæta okkur enn frekar. Þáttur í þessu er góð samvinna heimila og skóla, lykilpersónur í því að vinna gegn einelti eru forráðamenn og síðan umsjónarkennari og aðrir starfsmenn skólans. Vonast ég eftir góðu samstarfi heimila og skóla á komandi skólaári. Í vali eldri nemenda verður reynt að bjóða upp á fjölbreytt val svo allir geti fundið eitthvað við sitt áhugasvið. Stefnt er að því að bjóða upp á dans og fyrsta áfanga í knapamerkinu ef áhugi reynist verða fyrir hendi. Góð reynsla er af þessum greinum hér undanfarin ár og eins verður haldið áfram á þeirri braut að bjóða upp á dansnámskeið fyrir yngri nemendum. Nemendur skólans hafa verið að ná góðum árangri í m.a. dansi og skólahreysti sem og í fleiri keppnum sem við höfum tekið þátt í s.s. upplestrarkeppni í 7. bekk og stærðfræðikeppni Fjölbautaskóla Vesturlands. Eins má geta þess að nemendur skólans ná margir athyglisverðum árangri í hinum ýmsu íþróttagreinum með sínum íþróttafélögum. Þetta gefur góðar vísbendingar um að við eigum gríðarlega

öflugan hóp barna og unglunga sem við eigum að vera ,og erum, afar stolt af.

Nærtækt er að nefna að 4. flokkur Skallagrímsdregnga varð í gær Íslandsmeistari í knattspyrnu í sjö manna bolta. Til hamingju drengir.

Samræmdu könnunarprófin verða nú haldin eftir miðjan september fyrir nemendur 4., 7. og 10. bekkja. Eiga niðurstöður prófanna að nýtast skólanum í þeirri viðleitni sinni að koma sem best, og á sem árangurríkastan hátt, til móts við þarfir hvers og eins. Tímasetningin er þó ekki að öllu leiti heppileg, víða eru göngur og réttir þessa daga fyrir, og á meðan á prófunum stendur. Ábendingum um aðrar tímasetningar hefur því miður ekki verið unnt að verða við.

Síðastliðinn vetur sótti sveitarfélagið um til Mennta – og menningarmálaráðuneytis að ráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans, svo kallað ytra mat í samræmi við úttektaráætlun þess. Var orðið við því erindi eftir áramót og voru úttektarmenn hér í þrjá daga alls auk þess sem unnið var úr margskonar upplýsingum sem kallað var eftir á úttektartímanum. Rætt var við rýnihópa kennara, nemenda, foreldra, annars starfsfólks auk skólastjórnenda, auk þess sem farið var um skólann og kennslustofur heimsóttar. Niðurstöður þessa mats komu síðan út í skýrslu nú í vor, rétt í þann mund sem skólastarf var úti. Þessi skýrsla, sem aðgengileg er á heimasíðu skólans og Mennta – og

menningarmálaráðuneytisins bar skólanum góðan vitnisburð sem við megum vera stolt af. Hvet ég alla til að kynna sér vel efni hennar.

Það kemur fram í meginniðurstöðum að í skólanum sé unnið metnaðarfullt og framsækið skólastarf sem byggir á gamalli hefð, þar sé öflugt starfsfólk og góðir nemendur. Ennfremur að starfið taki mið af þeim áherslum sem fram koma í grunnskólalögum og aðalnámskrá. Þó þurfi að huga nánar að útfærslu á skólanámskrá og starfsáætlun skólans í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Við getum ekki annað en verið ánægð með þessa úttekt og munum gera okkar til að standa undir því sem þar kemur fram. Jafnframt verður tekið fullt tillit til þeirra ábendinga sem settar eru fram um það sem betur má fara.

Mentor er upplýsinga – og utanumhaldskerfi fyrir nám og starf nemenda sem við höfum verið að nýta okkur í síauknum mæli undanfarin ár. Væntanlega verður enn bætt þar í í vetur, ef áætlanir standast ættu námsáætlanir nemenda að verða aðgengilegar þar í vetur, stóð það raunar til í fyrra vetur líka en gekk ekki eftir. rafræn samskipti milli heimilis og skóla verða sífellt meiri og því skiptir máli að t.d. netföng og aðrar upplýsingar er máli skipta séu réttar. Nú er möguleiki á því að forráðamenn breyti og bæti sjálfir við upplýsingum eftir því sem þarf. Mentor, ásamt heimasíðu skólans og fréttabréfum eru liður í því að upplýsa um

skólastarfið en það verður sífellt meira áriðandi að upplýsingagjöfin sé í lagi.

Verðum við að vera á tánum hvað það varðar.

Tómstundaskólinn starfar líkt og síðasta vetur meðan skóli starfar. Er opið á öllum starfsdögum hans en lokað í skólafríum. Jónína G Heiðarsdóttir veitir honum forstöðu. Opnar hann að lokinni skólasetningu.

Nokkrar breytingar verða á sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar hvað varðar skólann. Ekki hefur verið ráðið í starf Ásgerðar Ólafsdóttur sem lætur nú af störfum eftir árs starf við ráðgjöf. Eru henni færðar þakkir fyrir frábær störf í þágu skólans. Starf talmeinafræðings hefur verið aukið í 40% og standa vonir til þess að það verði jafnvel enn aukið en þörfin í sveitarfélaginu býður vissulega upp á það.

Skólasálfræðingur starfar nú í 80% starfi og óvíst er með námsráðgjöf. Nú er að störfum vinnuhópur skipaður fulltrúum frá grunnskólunum, fræðslunefnd og sérfræðiþjónustu sem hefur það hlutverk að gera tillögur að fyrirkomulagi sem best hentar skólunum og sveitarfélaginu. Á hann að skila álitum fljótlega. Töluverð umræða hefur farið fram um fyrirkomulag mötuneyta í skólum sveitarfélagsins. Starfshópur skipaður af byggðaráði síðasta vetur komst að þeirri niðurstöðu að mötuneyti ættu að vera í öllum skólum og starfsstöðvum. Eins og allir vita þá er hvorki mötuneyti né matsalur í skólanum okkar og er það eitthvað sem vinna þarf

að að bæta úr á næstunni. Í framhaldi af vinnu mötuneytishópsins var skipaður annar vinnuhópur og nú um húsnæðismál grunnskólanna, er hann að störfum og hefur þegar tekið út aðstöðu sem fyrir hendi er. Hópurinn hefur það hlutverk að gera tillögu að forgangsröð verkefna er snúa að húsnæði þannig að takast megi að nýta með bestum hætti það fjármagn er til nýframkvæmda eru ætlaðir á næstu árum. Mötuneyti skólans verður því enn um hríð rekið af Hótel Borgarnesi en nú er að hefjast ellefta starfsárið frá því það fyrirkomulag var tekið upp. Þessi starfshópur mun væntanlega skila tillögum sínum til byggðaráðs innan tveggja mánaða.

Ekki hafa verið miklar framkvæmdir við eða í skólanum í sumar. Þó hafa stofur 1 og 2 verið teknar í gegn að undanskildum loftunum og eins er búið að skipta um útidyrhurð í eldri deild. Bæði þessi verkefni orðin tímabær. Heilt yfir má segja að húsnæði skólans sé í góðu standi en okkur skortir fjármagn til þess að endurnýja búnað ýmiskonar, sérstaklega er lítur að aðstöðu eldri nemenda í frístundum. Er brýnt að gera á því bragarbót og gera ráð fyrir því við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Nú hefur verið lokað fyrir aðkomu ökutækja inn á skólalóðina frá

Gunnlaugsgötunni og er það gert í því skyni að auka öryggi þeirra sem á lóðinni

eru. Aðstoða til að setja nemendur út Helgugötumegin verður lagfærð en best er auðvitað að hleypa nemendum út við Tónlistarskólann og láta þá fara upp stigann. Það er langflestum holl hreyfing.

Nemendur góðir – það er aldrei of oft brýnt fyrir ykkur að námið er vinna, hörkuvinna á stundum sem leggja ber alúð við, líkt og annað það er við tökum okkur fyrir hendur. Því hvet ég ykkur nú til að koma til starfa þess albúin að gera ykkar besta, þannig tekst okkur að láta hlutina gerast. Starfsmannahópurinn er þess albúinn að aðstoða ykkur og hjálpa á alla lund, vinna með ykkur, en ekki fyrir ykkur, verkin. Vinnan í skólanum er samvinna allra og verða allir að leggja sig fram til að hún skili tilætluðuðum árangri. Að sjálfsögðu viljum við skara fram úr á öllum sviðum, fyrsta skrefið í þá átt er að leggja sig fram. Veit ég að skólasamfélagið allt er tilbúið til þess og saman gerum við góða hluti. Skólabíll fer héðan kl. 14:15 en þá verðið þið búin að hitta umsjónarkennara ykkar uppi í skóla. Stofur eru merktar bekkjum og umsjónarkennurum. 1.- 6. bekkur fer til vinstri er upp stigann er komið en 7. – 10. bekkur til hægri. 1.- 3. bekkur og 9. og 10. er á neðri hæð en aðrir á annari hæð.

Ég óska góðs samstarfs við ykkur öll, nemendur, starfsfólk, skólabílstjóra, forráðamenn, skóla – og fræðsluráð og sveitarstjórn. Saman tekst okkur að gera

skólann að stað þar sem okkur líður vel og við náum þeim árangri sem að er stefnt. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en þó vil ég óska leikskólakennurum og sveitarfélögum til hamingju með að hafa náð saman á síðustu stundu en á föstudaginn leit svo sannarlega út fyrir að skólinn yrði settur í skugga verkfalls sem hefði haft mjög truflandi áhrif á skólastarf. Að þessum orðum sögðum segi ég 104. starfsár Grunnskólans í Borgarnesi sett.